

Rek. 16/2020/kultur D 2021

Fyrri A 1845/kultur  
skjalsnúmer  
Afgreiðsla Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Nefndarálit Norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar um  
**samanburðargreiningu á áhrifunum sem lokun skóla hefur haft á nemendum á Norðurlöndum (Rek. 16/2020)**

#### Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin  
leggur til að

Norðurlandaráð færi svarið til bókar og líti svo á að *umfjöllun sé lokið* af hálfu ráðsins um tilmæli Rek. 16/2020 um *samanburðargreiningu á áhrifunum sem lokun skóla hefur haft á nemendum á Norðurlöndum*.

#### Skýring

*Tilmælin eru svohljóðandi:*

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að láta vinna samanburðargreiningu á áhrifunum sem lokun skóla hefur haft á nemendum á Norðurlöndum.

#### Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Geðheilsa og líkamleg heilsa nemenda er málefni sem ráðherrar menntamála á Norðurlöndum leggja mikla áherslu á. Á fundi Ráðherranefndarinnar um menntamál og rannsóknir (MR-U) 3. desember 2020 fóru til að mynda fram þemaumræður um líðan ungs fólks í menntakerfinu. Umræðurnar snerust að miklu leyti um ástandið sem skapast hefur vegna fjarkennslu og þau neikvæðu áhrif sem hún hefur á líðan ungs fólks, bæði í framhaldsskólum og háskólum, en einnig á grunnskólastigi.

Niðurstaðan var að núverandi menntasamstarf norrænu ríkjanna um þætti á borð við líðan barna og ungmenna og heilbrigðari viðhorf til frammistöðu og árangurs, aukna stafræna færni svo og aðgerðir til að efla lýðræðishugsun, þátttöku allra og



samheldni í skólasamfélaginu verði áfram mikilvæg viðfangsefni menntamálaráðherranna.

Þá má nefna að unnið hefur verið að þekkingaröflun um þetta efni, bæði á alþjóðavettvangi (m.a. hjá OECD og Evrópusambandinu) og í einstökum ríkjum, og hafa menntamálaráðuneyti Norðurlandanna þannig skipst á upplýsingum um áhrifin sem lokun skóla hefur haft á nemendur. Meðal annars hefur verið skoðað hvernig nám ungmennanna hefur gengið, hvaða stuðningsaðgerðum hefur verið beitt og hvernig kennslunni hefur verið hagað.

Af upplýsingunum sem safnast hafa má draga þá ályktun að fjarkennsla og röskun hefðbundins skóladags hafi einkum bitnað á börnum og ungmennum sem búa við slæmar félagslegar aðstæður. Þegar til lengdar lætur er sú hætta því fyrir hendi að ójöfnuður meðal nemenda aukist, geðheilsu hraki og áhugi á skólagöngu dofni. Reynsla nemendanna er þó mismunandi. Sumum þykir fjarkennslan hafa gengið vel og sjá fyrir sér að nýta megi stafrænar lausnir áfram þegar faraldurinn er um garð genginn. Þar sem skipt var yfir í fjarkennslu að fullu kom einnig í ljós að kennarar eiga misjafnlega gott með að nýta sér stafræna tækni og að skólar eru komnir misjafnlega langt á því sviði.

Með hliðsjón af því að faraldurinn er ekki yfirstaðinn er enn talið of snemmt að segja til um endanleg áhrif hans á nemendur í norrænum skólum. Norræna ráðherranefndin fylgist þó náið með þróun mála, vinnur að greiningu á upplýsingum sem þegar hafa safnast og kannar þörfina á frekari greiningu í framtíðinni.

*Norræna ráðherranefndin lítur svo á að með þessu hafi verið orðið við tilmælunum.*

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Norræna þekkingar- og menningarnefndin þakkar ráðherranefndinni svarið. Eftir að svarið barst hefur komið fram að Ráðherranefnd um félags- og heilbrigðismál hefur samþykkt að standa undir kostnaði við eftirfarandi verkefni sem hefur fjögurra ára starfstíma: *Norrænt samstarf um möguleika barna og ungmenna til þátttöku og þroska að COVID-19-faraldrinum loknum*. Norræna velferðarmiðstöðin (NVC) hefur yfirumsjón með verkefninu og verður unnið að öflun og dreifingu upplýsinga um þá þekkingu og reynslu sem fyrir liggur um aðgerðir norrænu ríkjanna í tengslum við kórónufaraldurinn, svo og afleiðingarnar sem aðgerðirnar hafa haft að því er varðar forsendur barna og ungmenna til þátttöku og áhrifa.

Hugað verður sérstaklega að afleiðingum þess að aðgangur að skólum og frístundamiðstöðvum hefur verið takmarkaður í faraldrinum og í sumum tilvikum hefur slíkum stofnunum verið lokað með öllu um tíma. Markhópurinn er öll börn og ungmenni á aldrinum 0–25 ára, með sérstakri áherslu á hópa sem bjuggu við slæmar aðstæður fyrir.

Til grundvallar þessu starfi liggja almenn sjónarmið um réttindi barna og ungmenna og verður leitað samstarfs við bæði félagasamtök sem sinna málefnum þessara hópa og önnur almannasamtök. Á starfstíma verkefnisins verður séð til þess að raddir



barna og ungmenna á Norðurlöndum fái að heyrast og að þau geti lagt sitt að mörkum.

Verkefnið virðist samsvara vel ósk Norðurlandaráðs um samanburðargreiningu á áhrifunum sem lokun skóla hefur haft á nemendur á Norðurlöndum og nefndin leggur því til að litið verði svo á að *umfjöllun sé lokið* af hálfu ráðsins um tilmæli Rek. 16/2020 um *samanburðargreiningu á áhrifunum sem lokun skóla hefur haft á nemendur á Norðurlöndum*. Nefndarmenn hlakka til að fréttu af framgangi verkefnisins.

Norðurlöndum 29. júní 2021

*Kjell-Arne Ottosson (KD)*  
*Angelika Bengtsson (SD)*  
*Camilla Gunell (ÅSD)*  
*Heidi Viljanen (sd)*  
*Henrik Møller (S)*  
*Jorodd Asphjell (A)*  
*Lars Mejern Larsson (S)*

*Mikko Kinnunen (cent)*  
*Ann-Sofie Alm (M)*  
*Marianne Synnes Emblemvåg (H)*  
*Norunn Tveiten Benestad (H)*  
*Daniel Riazat (V)*  
*Veronika Honkasalo (vinstri)*  
*Riikka Purra (saf)*